


Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. júlí 2011
UST20110600254/hmj

Efni: Tillaga að matsáætlun vegna Lífalkóhól- og glýkólverksmiðju við Helguvíkurböfn, Reykjanesbæ.

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar dags. 28 júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna tillögu að matsáætlun fyrir lífalkóhól og glýkólverksmiðju AGC ehf í Helguvík skv. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Almennt um framkvæmd

AGC ehf. áætla að reisa lífalkóhól og glýkólverksmiðju við Helguvíkurböfn í Reykjanesbæ. Fyrirhuguð iðnaðarlóð er staðsett á þegar skipulögðu iðnaðarsvæði við Helguvík. Um er að ræða nýjan rekstur sem ekki hefur verið starfræktur áður á Íslandi og verða helstu afurðir lífalkóhól, blanda nokkurra alkóhóla, en þó aðallega glýkól, frostlögur og skyld efni. Áætlað er að fyrsti áfangi verksmiðjunnar skili um 100 tonnum afurða á dag en verði eftir stækkun í endanlega stærð um 400 tonn á dag.

Vinnsluferli

Samkvæmt kafla 2.1 í tillögu að matsáætlun felst framleiðsluferlið að mestu leyti í því að vatnsblandað glýseról er leitt í hvarfakerfi þar sem það kemst í snertingu við sérstaka fastefnishvata ásamt vetni. Að auki verður notaður hjálparhvati til að viðhalda aðstæðum og örva efnahvörfin. Vetni er leitt inn í kerfið ásamt fæðiefnum og umbreytist glýserólið í glýkól auk smáræðis af alkóhólum. Auk fljótandi afurða myndast eitthvað af metani í framleiðsluferlinu. Ákveðinn hluti hringrásargasa verður meðhöndlaður í uppþykkingarstöð fyrir metangas og metanhlutfall hækkað í >90%. Þetta er fyrirhuguð innlend metanlind sem nýta má til eldsneytis. Ekki næst að umbreyta öllu fæðiefni sem fætt er inn í hvarfakúta til fullnustu og verður eftir lítill hluti sem safnast upp og þarf að leiða út úr kerfinu. Þetta umframefni á að leiða út úr kerfinu og inn í lokaðan gerjunartank þar sem loftfirrt niðurbrot lífræns efnis fer fram með aðstoð metanbakteríuflóru. Afurð þessarar gerjunar er svokallað „biogas“ sem síðan er hreinsað yfir í metan.

Umhverfisstofnun bendir á að eðlilegt sé að í frummatsskýrslu komi fram frekari upplýsingar um eðli umframefnis, hvarfakúta, gerjunartanks og geyma fyrir metangas og áréttar mikilvægi öryggis og þéttleika kerfisins svo ekki geti orðið leki á metangasi út úr kerfinu

Umframvatn og frárennsli

Samkvæmt kafla 2.1.2 í tillögu að matsáætlun er ekki gert ráð fyrir neinu umframvatni öðru en rigningavatni og notuðu kælivatni við reglulega framleiðslu. Ekki er hægt að útiloka að einhvern tíman myndist umframvatn sem leiða verður í burtu, yrði þá helst um að ræða þéttivatn eða skolvatn. Tekið er fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir fráveitumálum, eðli og eiginleikum fráveituvatns sem og kælivatns. Einnig mun vera fjallað um áhrif varma við og í kringum útstreymisop fráveitu í sjó.

Umhverfisstofnun bendir á að skýrt skuli koma fram í frummatsskýrslu hitastig kælivatns þegar það fer út í sjó auk pH gildis og efnasamsetningu í frárennsli

Byggingar

Samkvæmt kafla 2.2 í tillögu að matsáætlun verða byggingar nokkrar, alls um 2500m² að grunnfleti í fyrsta áfanga og hýsa m.a. rafgreiningarhús, þjöppustöð, starfsmanna- og stjórnstöð, svo og eimingarstöð og svæði fyrir hrávöru og afurðageyma. Afurðageymar samanstanda af nokkrum mismunandi einingum og verða staðsettir á afmörkuðu svæði á byggingarreit og innan þróar með upphækkuðum varnarveggjum. Hæstu einingar, eimingaturnar, verða um 35 metra háir en mjóslegnir. Gert er ráð fyrir að heildarsvæði sem fari undir framkvæmdir verði allt að 40.000m² þegar verksmiðja verður fullbyggð.

Útskipun á afurðum, sem eru á fljótandi formi fer að mestu eftir leiðslum til skips.

Umhverfisstofnun bendir á að í frummatsskýrslu skuli koma fram skýr útlistun á fjölda og útliti bygginga. Jafnframt bendir stofnunin á að samkvæmt 35 gr. náttúruverndarlaga skal gæta þess við hönnun verksmiðja og annarra mannvirkja að þau falli sem best að svipmóti lands. Varðandi útskipun bendir stofnunin einnig á að í frummatsskýrslu skuli koma fram nánari upplýsingar um leiðir til útskipunar, eðli og framkvæmd þeirra.

Efnaöryggi

Samkvæmt kafla 2.4 í tillögu að matsáætlun verða hjálparefni geymd í aðskildu rými eða að hluta innan verksmiðjubyggingar og verður farið eftir reglugerð nr. 160/2007 um „varnir gegn hættu á slysum af völdum hættulegra efna“.


Umhverfisstofnun telur eðlilegt að í frummatsskýrslu komi fram greinargóð lýsing á staðsetningu, eðli og öryggi geymslurýma verksmiðjunnar fyrir hjálparefni.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillögu að matsáætlun fyrir lífalkóhól og glýkólverksmiðju AGC ehf.

Virðingarfyllt



Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri



Halla M. Jóhannesdóttir